

# Ramí, Tímó og Tara





Юessi byk er н 1. flokki samkvæmt  
юyngdarflokkun Menntamálastofnunar.



Ramí á fílinn Tímó.

Tímó er góður  
við Ramí.

Og Ramí er  
góður við Tímó.


Hvað sérðu á myndinni? Getur þú lesið hvað strákurinn heitir?



Ramí fær sér  
sæti á Tímó.

Nú förum við til Töru,  
segir Ramí  
við Tímó.

2 Hvað er Ramí að gera? Af hverju ætli hann sé að klifra upp á Tímó?



Tara á afmæli.

Hún er 7 ára.

Ramí gefur Töru  
gula fötu.

Tímó gefur Töru melónu.


Hvað er Ramí að gefa stelpunni? En hvað gefur Tímó henni?



Tara er í fínum fötum.

Förum að vaða,  
segir Ramí við Töru.

Ég má ekki  
sóða mig út, segir hún.



Förum úr fötunum  
og vöðum, segir Ramí.

Ramí, Tara og Tímó  
vaða saman í ánni.

Gaman, gaman!

Hvers vegna fara krakkarnir úr fötunum? Hvað er Tímó að gera?



Tara er með  
gulu fötuna sína.

Æ, æ, segir hún.

Fatan mín  
fór í ána.





Tímó nær í fötuna  
með rananum  
og lætur Töru fá hana.

Tímó er góður,  
segir Tara.

Hvernig náði Tímó í fötuna? Til hvers nota fílar ranann?



Ramí og Tara  
fara í fötin sín.

Nú förum við  
til pabba og mömmu  
og fáum melónu-ís,  
segir Tara.

- 8 Af hverju eru Ramí og Tara komin í fötin aftur? Hvernig heldur þú að þeim líði núna? Skoðuðu svipinn á þeim. Á hverju heldur Tara?

## Nokkur orð um notkun bókar

Æskilegt er að nemandi og kennari/foreldri skoði bókina saman áður en lesturinn hefst og ræði efni hennar m.a. út frá titli og myndum. Leggja skal áherslu á að nota orðin sem koma fyrir í textanum. Það auðveldar barninu lesturinn. Neðst á hverri blaðsíðu eru nokkrar spurningar sem styðjast má við. Gagnlegt er að ræða þær áður en hver síða er lesin. Þegar barnið hefur lesið textann má svo spyrja spurninga úr textanum til að ganga úr skugga um lesskilninginn.

Á vef Menntamálastofnunar eru verkefnablöð með sögunni.

## Ramí, Tímó og Tara

Lestrarbók 10a

ISBN 978-9979-0-2504-7

© 2005 Arnheiður Borg og Sigrún Löve

© 2005 teikningar Freydís Kristjánsdóttir

Ritstjórn: Sylvía Guðmundsdóttir

1. útgáfa 2005

önnur prentun 2020

Rafræn útgáfa 2020

Menntamálastofnun

Kópavogi

Umbrot: Námsgagnastofnun

Prentun: Prentsmiðjan Litróf ehf. – umhverfisvottuð prentsmiðja



## Listin að lesa og skrifa



Lestrarkennsluefnið *Listin að lesa og skrifa* er fyrir byrjendur í lestri og byggist fyrst og fremst á hjóðaaðferð. Efnið skiptist í fjórar vinnubækur, litlar lestrarbækur, örbækur, lestrarspil, kennsluleiðbeiningar og verkefni á vef.

Í þessari bók eru bókstafirnir ö, ð og f sérstaklega æfðir.

Höfundar eru Arnheiður Borg og Sigrún Löve.  
Teikningar gerði Freydís Kristjánsdóttir.